

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi, Akstursiþróttafélag Hafnarfjarðar við Krýsuvíkurveg.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa 1. mars 2023 í samræmi við heimildir til embættismannaafgreiðslu, að málsmeðferð verði skv. 3. mgr. 33. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fallið var frá grenndarkynningu þar sem sýnt var að breytingin varði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda.

Breytingin felst í að heimilað verði að gera 5 metra háar hljóðmanir í kringum allt akstursæfingarsvæðið og sýndur nýr vegur að því svæði sem kallast „pittur“.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 14. mars 2023.*

**Berglind Guðmundsdóttir** landslagsarkitekt.

---

B-deild – Útgáfudagur: 28. mars 2023